

SÉRFRÆÐINGUR Í GREININGUM



Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öflugra liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet er starfsmanna- og fjölskyldvænt fyrirtæki. Hjá Landsneti starfa u.þ.b. 100 manns.

Laust er til umsóknar starf sérfræðings í deild Kerfispróunar hjá Landsneti hf.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Kerfisrannsóknir, greiningar og kerfisáætlanir
- Arðsemisgreiningar og sviðsmyndagreiningar
- Langtímaáætlanir
- Skilgreining á raftæknilegum hönnunarforsendum
- Skilgreiningar rannsóknarverkefna til undirbúnings ákvarðanatöku
- Þróun og viðhald hugbúnaðar kerfisrannsókna

Í boði er:

- Faglegt vinnuumhverfi
- Fjölbreytt verkefni í góðum hópi sérfræðinga
- Áhersla á þjálfun og tækifæri til starfsþróunar
- Fjölskylduvænn vinnustaður

Við leitum að einstaklingi sem býr yfir:

- Menntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði
- Reynsla af vinnu við arðsemisgreiningar og sviðsmyndagreiningar
- Reynsla af áætlanagerð
- Hæfni í greiningum og túlkun gagna
- Skipulagni og öguðum í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í miðlun og framsetningu upplýsinga
- Færni í samskiptum og vilja til samvinnu

Kerfispróun sér um áætlanagerð vegna uppbyggingar flutningskerfisins þar sem saman eru metin hagræn, gæða og markaðsleg áhrif. Deildin sér um áhættugreiningar er varða rekstraröryggi raforkukerfisins ásamt skilgreiningu á kröfum til rekstraröryggis raforkukerfisins, skilgreiningu hönnunarforsenda og að unnin sé raforkuspá í samræmi við raforkulög.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasiðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.